

213

24. gr.

19. des. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún, nr. 67 19. febr. 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. desember 1960.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

214

20. des. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnars H. Blöndal kaupmanns, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. desember 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnars H. Blöndal kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ragnars H. Blöndal kaupmanns. Er hann stofnaður af nokkrum skólafélögum Ragnars árið 1944, og verið efldur af bekkjastkinum hans úr Verzlunarskóla Íslands útskrifuðum árið 1920. Sjóðurinn er eign Verzlunarskóla Íslands, og er nú að upphæð kr. 19 521.45.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu skólanefndar Verzlunarskóla Íslands, er ávaxtar hann á hagkvæman og öruggan hátt. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka má hann með gjöfum. Gerð skal árlega grein fyrir fjárreiðum sjóðsins, og reikningar hans endurskoðaðir með reikningum skólans. Skulu þeir birtir með reikningum Verzlunarskóla Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemanda verzlunardeildar Verzlunarskóla Íslands, sem á vorprófi sýnir bezta hæfni í móðurmálinu. Skólastjóri og íslenzkukennarar verzlunardeildar ákveða, hverjir nemendur hljóti verðlaun. Verðlaun má veita árlega, þegar sjóðurinn hefur náð kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónum. Í þessum tilgangi má verja allt að $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ af ársvöxtum hans ásamt öðrum væntanlegum tekjum skal leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Verði þær breytingar á Verzlunarskóla Íslands, að breytingar á skipulagsskrá þessari verði nauðsynlegar, er skólanefnd Verzlunarskóla Íslands heimilt að breyta skipulagsskránni, enda samþykki stjórn Verzlunarráðs Íslands breytingarnar.

5. gr.

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands hlutist til um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og verði síðan birt í stjórnartíðindum.